


Leiðbeiningar fyrir foreldra


Leiðsagnarmat er ný eining í Mentor.is sem gefur aukna möguleika á samstarfi nemenda, foreldra og skóla við markmiðssetningu og mat á stöðu og líðan nemenda. Matið fer fram á svæði nemenda á Mentor.is. Foreldrar geta nálgast lykilorð barna sinna á fremsta flípa nemendasjaldsins þegar þeir hafa skráð sig inn í kerfið.

Hvernig finna foreldrar lykilorð barnanna sinna?

1. Foreldrar skrá sig inn á Mentor.is með kennitölunni sinni og lykilorði.
2. Smellt er á flípann *Almennar upplýsingar* á nemendasjaldinu. Hægra megin á sjaldinu sést þá lykilorð nemandans.

Hvernig fer matið fram?

1. Nemandinn (sjálfur eða með aðstoð foreldra) skráir sig inn í kerfið með kennitölunni sinni og lykilorði.
2. Smellt er á *Leiðsagnarmat* á rauða hlutanum vinstra megin á skjánum.
3. Til að skrá á matsblaðið er smellt á merkið .
4. Í Upphafi er örlítill umsögn/skilaboð frá kennara síðan birtist spurningalisti sem nemandi og foreldri eru beðin að ræða og svara. Smellt er einu sinni í reit til að fá fyrsta táknið, aftur til að fá það næsta og svo koll af kolli. Alls eru táknið þrjú:



Veljið það svar (tákn) sem við á hverju sinni. Hægt er að skrá athugasemdir aftan við hverja setningu/fullyrðingu.

Ath! Munið að smella á *Skrá* efst eða neðst á skjánum þegar mati er lokið til að vista skráninguna.


Umsögn kennara
Foreldri og nemandi eru beðin um að ræða saman og svara eftirfarandi spurningum áður en mætt er í viðtal til umsjónarkennara. Samtöl ykkar við börnin um spurningalistann er góður undirbúningur fyrir viðtalið. Þar verða þau atriði rædd sem ástæða er til.

Skipulag	
Ég byrja strax að vinna	Nemandi
Mér gengur vel að vanda mig	Nemandi
Ég man eftir að hafa rétt áhöld í töskunni	Nemandi
Stundvísir	
Ég fer strax inn úr frímínútum þegar bjallan hringir	Nemandi
Ég mæti á réttum tíma í skólann	Nemandi
Heimanám	
Ég les heima á hverjum degi	Nemandi
Ég skila heimavinnunni á réttum tíma	Nemandi
Líðan	
Mér líður vel í kennslustundum	Nemandi
Mér líður vel í frímínútum	Nemandi
Mér líður vel í íbróttum	Nemandi

Á textasvæðið er hægt að skrá athugasemdir aftan við hverja fullyrðingu.

Smellið í reitina með músinni til að skrá inn tákni. Við einn smell kemur fyrsta tákn, við annan það næsta og þannig koll af kolli.

Hversu lengi er matið opið og hvað gerist eftir að því er lokað?

Dagsetningar við Leiðsagnarmat sýna hversu lengi matið er opið til skráningar. Til að skoða matið smella nemendur og foreldrar á merkið  við Leiðsagnarmatið. Kennari skoðar matið fyrir foreldraviðtal og metur hvort og/eða hvaða þætti þurfi að ræða frekar.

Gangi ykkur vel